

Sýndareignir í vexti en eru enn ákaflega áhættusamar

Í nóvembermánuði 2024 hefur virði sumra sýndareigna skyndilega hækkað umtalsvert og náð áður óséðum hæðum. Þetta endurspeglar síaukinn áhuga á sýndareignum og staðfestir einnig hve mikið flökt er á virði þeirra. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (European Securities and Markets Authority, ESMA) ráðleggur fjárfestum að láta þennan æsing ekki villa sér sýn. Fjárfestar ættu að hugsa sig vel og vandlega um áður en þeir taka fjárfestingarákvarðanir af nokkru tagi og gefa eigin fjárfestingarþörfum og -markmiðum sérstakan gaum.

Þessi þróun er að eiga sér stað fáeinum vikum fyrir gildistöku á MiCA-reglugerðinni¹ í Evrópusambandinu (ESB) sem gildir um þjónustuveitendur sýndareigna. MiCA markar nýtt upphaf í eftirliti með sýndareignum og tengdri þjónustu, þar sem heildstætt regluverk um sýndareignir hefur fram að þessu ekki verið til staðar innan ESB. **MiCA mun efla vernd** fyrir eigendur sýndareigna og viðskiptavinum þjónustuaðila sýndareigna, auk þess að tryggja heilindi þeirra markaða sem eiga í hlut.

Nýja MiCA-reglugerðin eyðir ekki allri áhættu.

ESMA minnir fjárfesta á að áhættan sem fylgir fjárfestingu í sýndareignum er enn til staðar þrátt fyrir hina nýju vernd. Sýndareignir lúta margar hverjar lögmálum spákaupmennsku og eru áhættusamar fjárfestingar þar sem verð þeirra getur tekið snörpum og skyndilegum breytingum, jafnvel yfir nótt. Aðurnefnd hækkun á verði tiltekinnna sýndareigna gæti því allt eins verið enn ein skammtímahækkunin sem svo gengur til baka. Auk þess geta sýndareignir falið í sér nýjar áhættur vegna þeirrar tækni sem að baki liggur.

MiCA veitir fjárfestum minni vernd en það regluverk sem gildir um hefðbundna fjármálagerninga. Þótt MiCA-reglugerðin hafi að markmiði að efla fjárfestavernd veitir hún ekki sams konar vernd og fæst í tengslum við hefðbundna fjármálagerninga. Til dæmis:

- Sýndareignir njóta ekki verndar samkvæmt tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Í reglum sem ná yfir hefðbundna fjárfestingarþjónustu (skv. MiFID II²) er þess krafist að verðbréfafyrirtæki taki þátt í tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Slík kerfi bæta tjón fjárfesta, t.d. ef verðbréfafyrirtæki verður gjaldþrota og getur ekki skilað fjármálagerningum (t.d. hlutabréfum) aftur til eigenda þeirra. Hins vegar veitir MiCA viðskiptavinum þjónustuaðila sýndareigna ekki samskonar vernd. Það þýðir að ekkert öryggisnet er til staðar fari svo að þjónustuaðilinn geti ekki skilað sýndareignum aftur til eigandans.
- Ólíkt þeim reglum sem gilda um hefðbundna fjárfestingarþjónustu er þjónustuaðilum sýndareigna ekki skylt skv. MiCA að afla upplýsinga frá viðskiptavinum sínum í þeim tilgangi að meta skilning þeirra á sýndareignum sem þeir vilja fjárfesta í.
- Þjónustuaðilum sýndareigna er ekki skylt að veita viðskiptavinum sínum upplýsingar með reglubundnum hætti um sýndareignir þeirra sem þjónustuaðilinn hefur í sinni vörslu, né um uppfært virði eignanna.

Ekki er víst viðskiptavinir njóti fullrar verndar strax eftir gildistöku MiCA. Flest aðildarríki kusu að leyfa þjónustuaðilum sýndareigna sem þegar voru starfandi í viðkomandi ríki að halda áfram starfsemi án MiCA starfsleyfis í allt að 18 mánuði eftir gildistöku MiCA. Þar af leiðandi gæti farið svo að viðskiptavinir njóti ekki fjárfestaverndar skv. MiCA að öllu leyti fyrr en 1. júlí 2026, en lögbær yfirvöld aðildarríkja munu hafa takmarkaðar eftirlitsheimildir þar til þjónustuaðili hefur fengið

¹ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/1114 frá 31. maí 2023 um markaði fyrir sýndareignir.

² Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga.

starfsleyfi. Fram að því kunna heimildir eftirlitsstofnana að takmarkast við að framfylgja reglum um peningabvætti.

Viðskiptavinir eru hvattir til að gæta ýtrustu varkárni í viðskiptum við þjónustuaðila utan ESB.

Fjárfestingar í sýndareignum eða þjónusta sem veitt er af aðilum utan ESB í tengslum við þær, fela í sér enn minni fjárfestavernd, aukna hættu á svikum og svindli, og takmarkaðan (eða engan) endurkröfurétt komi til ágreinings eða endurkröfu á þjónustuaðilann. Einnig leggur ESMA áherslu á að fjárfestar njóti engrar verndar skv. MiCA þegar þjónusta vegna sýndareigna er veitt af aðilum sem ekki hafa hlotið starfsleyfi innan ESB.

ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA OG GÆTA AÐ

Hafa ber í huga að sértæk áhætta fylgir sýndareignum og tengdum vörum og þjónustu og meta þarf gaumgæfilega hvort áhættan sé ásættanleg miðað við þína persónulega hagi og fjárhagsstöðu.

Það felur í sér hættu á:

- að tapa öllu sem þú fjárfestir;
- að verð geti sveiflast hratt á stuttum tíma;
- að þú getir orðið fórnarlamb svika, svindls, rekstrartruflana eða tölvuárása; og
- að ólíklegt sé að þú njótir nokkurrar fjárfestaverndar eða hljótir bætur fari eitthvað úrskaiðis.

Ef þú ert að velta því fyrir þér að kaupa sýndareignir eða tengdar vörur og þjónustu, ættirðu að spyrja þig eftirfarandi spurninga:

- Hefur þú efni á því að tapa öllu sem þú fjárfestir?
- Geturðu hugsað þér að taka mjög mikla áhættu til að ná fram auglýstri ávöxtun?
- Skilurðu virkni og/eða eiginleika þeirrar sýndareignar, vöru eða þjónustu sem þú ætlar að kaupa?
- Geturðu með fullnægjandi hætti tryggt öryggi þeirra tækja sem þú notar til að kaupa, geyma eða framselja sýndareignir, þ.m.t. einkalykla (e. private keys)?
- Er útgefendum sýndareigna sem þú vilt fjárfesta í heimilt til að bjóða slíkar sýndareignir í ESB?
- Er þjónustuaðilum sem þú átt í viðskiptum við heimilt að veita þjónustu vegna sýndareigna í ESB?

Frekari upplýsingar

ESMA vill einnig minna fjárfesta á yfirlýsingar og viðvaranir sem gefnar hafa verið út af evrópskum eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði (e. European Supervisory Authorities, ESA) um veitingu vöru og/eða þjónustu sýndareigna innan ESB:

– Sjá: Sameiginlega viðvörun ESA ([hér](#)) til neytenda um hættur sem fylgja fjárfestingu í sýndareignum

– Sjá: Yfirlýsingu ESMA ([hér](#)) til skýringar á tímalínu fyrir MiCA og til að hvetja fjárfesta og lögbær yfirvöld að hefja undirbúning aðlögunar.

– Sjá: Yfirlýsingu Evrópska bankaftirlitsins (European Banking Authority, EBA) ([hér](#)) um væntingar til útgefenda og tilboðsgjafa eignatengdra tóka (e. asset-referenced tokens) og rafeyristóka (e. e-money tokens), um að þeir uppfylli kröfur skv. MiCA tímanlega, og til áminningar um áhættu fyrir neytendur.